

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. Stjórnarháttayfirlýsing

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995¹, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016² og lögum um váttryggingasamstæður nr. 60/2017³.

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019⁴ eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006⁵.

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvá miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum váttryggingafélögum í árslok 2022 um 32% í skaðatryggingum og um 35% í líf- og heilsutryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvá og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins. Starfsemi Sjóvá er fjölbreytt og þjónustan yfirgripsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum hér á landi. Um 8.800 fyrirtæki og um 84.000 einstaklingar voru í viðskiptum í lok árs 2023. Í árslok 2023 störfuðu 185 starfsmenn hjá Sjóvá í 179 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Sjóvá hefur verið skráð félag á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland síðan 11. apríl 2014 og því gilda um starfsemina lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021⁶ og lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021⁷ og reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Hluthafafundir eru megin vettvangur formlegrar upplýsingagjafar til hluthafa sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hafa stjórnarformaður og forstjóri fundað óformlega með hluthöfum sem þess óska og upplýsa þá stjórn um efni funda. Nánar kveður á um samskipti stjórnar og hluthafa í samþykktum félagsins.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um váttryggingastarfsemi, reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður nr. 55/2022 og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem tóku gildi í júlí 2021⁸ og gefin eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 4. maí 2023 og eru þær aðgengilegar á sjova.is.

Félagið fékk í ágúst 2023 viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ á vegum Stjórnvísis en í því felst að félagið hafi undirgengist og staðist formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber

¹ www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html

² www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html

³ www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html

⁴ www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html

⁵ www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html

⁶ www.althingi.is/lagas/nuna/2021060.html

⁷ www.althingi.is/lagas/nuna/2021020.html

⁸ <http://leidbeiningar.is/>

gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi. Ekki er vitað um að nein atvik hafi átt sér stað í starfseminni sem snúa að spillingu eða mútum.

Engir styrkir eru veittir til stjórnmalaflokka. Félagið er aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja sem er sameiginlegur vettvangur fjármálafyrirtækja og hefur innan þess komið á framfæri ábendingum við lagafrumvörp og umsögnum, bæði sem hluti af samtökunum eða sjálfstætt.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþátta sem krafist er í lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerð um váttryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 6. desember 2023.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvá á eigin starfsemi er í samræmi við þrjár línur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit, áhættukort (e. assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir mögulegt að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar sjálfbærniþætti, fjárfestingar, og rekstrarlega afkomu einstakra sviða starfseminnar, er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem framkvæmt er að lágmarki árlega, árleg skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og reglubundnar skýrslur til eftirlitsaðila sem og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni. Þær auðvelda félaginu einnig að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir ytri áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega váttryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni starfssviðsins, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin síðast endurnýjuð í júní 2023. Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2023 til eins árs. Innri endurskoðun er útvistað til Ernst & Young ehf.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Hlutverk Sjóvá er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru fjórir; verum á undan, höfum það einfalt, segjum það eins og það er og verum til staðar. Þeir eru leiðbeinandi í ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins. Nánar er fjallað um viðskiptalíkan og stefnumótun á árinu í kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn Sjóvá samþykkti starfsreglur sínar síðast 4. maí 2023. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verkvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið þess náist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2023 fór fram í desember 2023. Stjórn lagði mat á stærð, samsetningu, verklag og starfshætti stjórnar. Starf stjórnarinnar byggir á fyrirfram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefnda stjórnar og frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og var niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtímamarkmið stjórnar og stjórnenda. Sjóvá samstæðan hefur sett stefnu um samfélagslega ábyrgð og er hún birt á vef félagsins sjova.is. Nánar vísast til ófjárhagslegra upplýsinga í ársreikningi vegna umfjöllunar um áhættur og áhættustýringu á sviði sjálfbærni, áreiðanleikakönnunarferli, ábyrgð og umsjón með sjálfbærnimálum og ófjárhagslegri upplýsingagjöf, umfjöllun um haghafa, mikilvægisgreiningu, stefnu, lykilmælikvarða og árangur.

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Leitast er við að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félagsins sem er eftirlitsskyldur aðili og skráður í kauphöll. Sjóvá hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningapvætti í öllum viðskiptum félagsins.

Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014.

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur megináhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvá í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helmings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr soun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Hjá Sjóvá hefur um árabíl verið lögð mikil áhersla á að vinna með viðskiptavinum að forvörnum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Sjóvá er með samstarfs- og bakhjarlssamning við Slysavarnafélagið Landsbjörg og á í fjölþætta samstarfi við samtökin, einkum á vettvangi forvarna.

Í tjónum og tjónavinnslu er leitast við að minnka soun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Áfram var unnið með átak í að auka hlutfall framrúðuviðgerða í stað þess að skipta þeim út þegar þess er kostur bæði með vitundarvakningu og aukinni upplýsingagjöf til viðskiptavina, og samstarfi við viðgerðaraðila. Leitast er við að minnka soun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni. Notkun fjarskoðunarlausnarinnar Innsýnar hefur gert félaginu kleift að draga umtalsvert úr akstri á sama tíma og hægt er að veita hraðari og betri þjónustu.

Sjóvá hefur um árabíl lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkun auðlinda í rekstrinum, og leitast er við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Sjóvá hefur bundið kolefni sem svarar eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna með samningi við Kolvið frá árinu 2015.

Sjóvá birtir nánari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq í árs- og sjálfbærnisráskýrslu félagsins og á sjova.is. Sjóvá er í samstarfi við Klappir um sjálfbærnisbókhald og rýni þess.

Stjórn

Stjórn skal samkvæmt samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem hlutfallskosning milli einstaklinga og skulu fyrstu fjögur stjórnarsæti skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið og skal sá einstaklingur sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Í kjöri til varamennsku í stjórn teljast kjörin sú kona og sá karl sem flest atkvæði fá í kjörinu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi eftir því sem við á. Í starfsreglum stjórnar segir að leitast skuli við að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Úr hópi aðalmanna skal kjósa stjórnarformann og varaformann stjórnar með einföldum meirihluta. Hlutverk tilnefningarnefndar er meðal annars að gæta að jöfnu hlutfalli kynja innan stjórnar og leitast við að tryggja fjölbreytileika innan stjórnar. Skal hún við undirbúning og gerð tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu m.a. líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Stefnu um fjölbreytileika er lýst í gildandi mannréttindastefnu þar sem kveðið er á um áherslu og aðgerðir í jafnréttis- og mannréttindamálum. Markmið stefnunnar er að tryggja að mannauður félagsins verði sem best nýttur með því að stuðla að jafnri stöðu kynja og jöfnum tækifærum einstaklinga.

Aðalmenn í stjórn Sjóvá eru Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, Hildur Árnardóttir, varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Allir stjórnarmenn hafa staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn Sjóvá telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varða óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Björgólfur, Guðmundur Örn, Hildur og Ingunn eru óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnarmaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti yfir 10% í Sjóvá.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvá, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur starfskjaranefndar, starfsreglur sjálfbærnefndar, starfsreglur tilnefningarnefndar, mannréttindastefna, skattastefna, stefna gegn mútum og spillingu, stefna um persónuvernd, stefna um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvá eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn Sjóvá fundaði 18 sinnum á árinu 2023. Fimmtán stjórnarfundir voru fullmannaðir, á einum fundi forfölluðust tveir stjórnarmenn og á tveimur fundum boðaði einn stjórnarmaður forföll. Varamenn voru ekki kallaðir til á árinu.

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvá 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarformennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lög-gildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélag Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri Icelandair Group 2008-2018. Hann starfaði sem annar forstjóri Samherja frá nóvember 2019 til febrúar 2021. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins. Björgólfur situr í stjórnnum Kjarnafæði-Norðlenska, Kjálkaness, Norðurbaða, Gadusar og Steinasala.

Björgólfur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvá frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárfstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf. og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnnum Íslandsstofu, Arctic Fish Holding SA, Eldeyjar eignarhaldsfélags hf., Norðursiglingar hf., Íþöku fasteigna ehf., Héðins hf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvá 12. mars 2020 og hann hefur frá 28. apríl 2021 verið stjórnarformaður dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Hann var forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífis) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014-2022 var hann framkvæmdastjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem á og rekur flugherma í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf., stjórnarformaður CAE Icelandair Flight Training ehf. og stjórnarmaður hjá BL ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvá frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Ingi Jóhann er stjórnarformaður í Hrólfsskers ehf. sem á 15,65% hlut í Sjóvá, en Ingi Jóhann á óbeinan hlut Hrólfsskeri í gegnum Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í félaginu. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvá 12. mars 2020. Hún er með BA og MA í lögfræði og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, með málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi og er löggiltur verðbréfamíðlari. Ingunn starfaði hjá Skeljungu hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakennari og síðar aðjúnkt hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórnarformaður RARIK. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og formaður endurskoðunarnefndar félagsins. Ingunn situr auk þess í stjórn Freyju, fjárfestingasjóðs. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis í Garðabæ. Erna sat í stjórn Sjóvá frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019 til 12. mars 2020. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er framkvæmdastjóri Egg ehf. Hún var forstjóri BL ehf. 2013-2023, forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008,

var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Hún situr í stjórnnum BL ehf., Egg ehf., Egg fjárfestingar ehf., Umbreytingar slhf. og Ölmuhf.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg fjárfestingar ehf. sem á 3,26% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvá frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Valshjartað hf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Völsi Capital Partners ehf. (varamaður) og Salvus ehf. (varamaður).

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, féлага- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvá, skipa Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir, viðskiptafræðingur og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson, lögmaður. Guðmundur Örn, Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvá lífs átti 9 fundi á árinu 2023. Samþykktir Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., starfsreglur stjórnar og starfsreglur endurskoðunarnefndar félagsins má nálgast á sjova.is

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörin eru á aðalfundi. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir, formaður, sem fyrst var kjörin í nefndina á hluthafafundi 26. október 2018, Finnur R. Stefánsson og Sigríður Olgeirsdóttir sem voru kjörin í nefndina 11. mars 2022. Nefndin átti 7 fundi á árinu 2023.

Starfsreglur tilnefningarnefndar má nálgast á sjova.is

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvá er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvá og Sjóvá lífs skipa Hildur Árnadóttir formaður sem jafnframt situr í stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf., Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Friðrik Halldórsson. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi, óháðir daglegum stjórnendum félaganna og óháðir endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftast ef þurfa þykir. Nefndin átti 13 fundi árið 2023. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórnnum Sjóvá og Sjóvá lífs og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árschlutauppgjóra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, rýni starfsreglna, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu tryggingastærðfræðings, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, fylgdist með framgangi undirbúnings innleiðingar IFRS 17 reikningsskilastaðalsins, hafði eftirlit með störfum og framgangi innri og ytri endurskoðunar, kynnti sér stöðu gæðamála og stöðu úrbótaverkefna vegna innri og ytri úttekta, svörun erinda og skýrsluskil til Fjármálaeftirlits

Seðlabanka Íslands og tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar auk þess sem nefndin lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á ferli breytinga og útgáfu á skilmálum hjá stefnumótun og viðskiptaþróun, yfirferð valinna ferla og eftirlitsaðgerða í sölu og ráðgjöf, rýni á ferlum og eftirlitsaðgerðum við endurtryggingar, úttekt á ferlum og eftirlitsaðgerðum í tjónaþjónustu og stuðning lögfræðiráðgjafar við afgreiðslu tjónamála, auk árlegrar úttektar á upplýsingatækni og stjórnarháttum.

[Starfsreglur endurskoðunarnefndar](#) má nálgast á [sjova.is](#)

Sjálfbærninefnd

Sjálfbærninefnd hefur það hlutverk að styðja við og styrkja stöðu samstæðunnar á sviði sjálfbærni og UFS þátta, þ.e. umhverfismála, félagsþátta og stjórnarháttu. Nefndinni er ætlað að stuðla að langtíma árangri í rekstri og sjálfbærni félagsins til framtíðar, tryggja að viðeigandi áætlanir og aðgerðir séu fyrir hendi til að stuðla að því að markmið samstæðunnar náist og fylgjast með framförum í átt að settum markmiðum. Henni er ætlað að formfesta aðkomu stjórnar að málaflökknum, að félagið standi við skuldbindingar sínar og uppfylli lagakröfur á sviði sjálfbærni, stuðla að innleiðingu og endurskoðun stefnu og að litið sé til UFS þátta í ákvarðanatöku, stefnumótun og áætlunargerð. Henni er einnig ætlað að stuðla að fullnægjandi miðlun stefnu, markmiða og árangurs á þessu sviði til allra hagaðila, s.s. stjórnar, starfsfólks, viðskiptavina og annarra notenda þjónustu, hluthafa og almennings.

Stjórn skipar fulltrúa í sjálfbærninefnd sem í sitja auk hans forstjóri, fjármálastjóri og sérfræðingar úr hópi starfsmanna. Fulltrúi stjórnar, Ingunn Agnes Kro, er jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin átti 4 fundi á árinu 2023.

Starfsreglur sjálfbærninefndar má nálgast á [sjova.is](#).

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Ekkert kaupaukakerfi var í gildi hjá félaginu og engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur. Samþykkt hluthafafundar þarf til að koma á kaupaukakerfi skv. ákvæðum í starfskjarastefnu. Starfskjaranefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum og átti nefndin þrjá fundi á árinu. Starfsreglur starfskjaranefndar má nálgast á [sjova.is](#)

Forstjóri

Forstjóri Sjóvá er **Hermann Björnsson**, fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvá frá október 2011 og framkvæmdastjóri dótturfélagsins, Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. frá því í apríl 2021. Hermann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnnum Viðskiptaráðs, Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. Hann situr í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja og í fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins. Hermann á 0,047% eignarhlut í félaginu.

Skipurit samstæðu

Starfsemi félagsins er skipt upp í fjögur megin svið, þ.e. fjármál og upplýsingatækni, sölu og ráðgjöf, markaðsmál og viðskiptaþróun og tjón. Áhættustýring, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, mannauður og gæði og trygginga- og tölfraeðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvá lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar fjögurra megin sviða félagsins.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé í félaginu eins og síðar greinir en engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur félagsins.

Birgir Viðarsson, fæddur 7. september 1981, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu. Birgir er með M.Sc. próf í áhættuverkfræði frá Lunds University og B.Sc. í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands. Birgir var forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og sérfræðingur í endurtryggingum frá árinu 2017-2022 og starfaði áður í áhættustyrkingu frá árinu 2011.

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tónaþjónustu. Sviðið sér um tónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvæðanir, tjónaskoðun, áætlun á tjónaskuld og lögfræðiþjónustu. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvá frá 2012 og síðar viðskiptaþróunar og rekstrar og þróunar. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Elín starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórnnum Valitors hf., Símans hf., Radiómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín á 0,068% eignarhlut í félaginu.

Sigríður Vala Halldórsdóttir, fædd 24. apríl 1983, til heimilis í Garðabæ, er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni. Sviðið ber ábyrgð á innheimtu, reikningshaldi, upplýsingatækni og viðskiptagreind. Sigríður Vala er með M.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota og B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands, og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Sigríður Vala var forstöðumaður hagdeildar Sjóvá árin 2016-2021 ásamt því að sitja í fjárfestinganefnd félagsins. Sigríður Vala starfaði hjá Creditinfo árin 2015-2016 sem forstöðumaður viðskiptastýringar og 2008-2015 í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Sigríður Vala sat í stjórnnum HS Veitna hf. 2014-2022 og SÝN hf. 2019-2022. Sigríður Vala situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Sigríður Vala á 0,011% eignarhlut í félaginu.

Svali H. Björgvinsson, fæddur 24. maí 1967, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri markaðsmála og viðskiptaþróunar. Sviðið annast markaðsmál og forvarnir, viðskiptaþróun og stefnumótun. Svali er með B.A. próf í sálfræði frá Háskóla Íslands 1992 og meistaraáráðu í sálfræði og stjórnun frá New York University, NYU, frá 1997. Hann var forstöðumaður stefnumótunar og viðskiptaþróunar Sjóvá frá árinu 2018-2022. Svali var meðeigandi hjá PricewaterhouseCoopers 1998-2003 og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Kaupþings 2003 til 2009. Að auki hefur hann kennt við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands á tímabilinu 1995 til 2010. Frá árinu 2009 til 2018 starfaði Svali sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs og stefnumótunar hjá Icelandair Group/Icelandair. Svali hefur setið í mörgum stjórnnum og tekið að sér fjölda verkefna fyrir íþróttahreyfinguna.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvá eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. 18. janúar 2024